

**Nd.**

**356. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum nr. 44, 10. nóv. 1913, um forðagæslu (þingskj. 283).

Frá landbúnaðarnefnd.

Á undan 1. gr. komi ný

1. gr. (6. gr. laganna).

Á eftir annari málgr. komi ný málgr., svo hljóðandi:

Skylt er og forðagæslumönnum að senda sýslumanni að vorinu útdrátt úr aðalskýrslu handa hagstofunni samkvæmt eyðublöðum frá henni.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.